

Mættir: Harpa Reynisdóttir skólastjóri, Patricia Anna Þormar fulltrúi foreldra, Karl Eiríksson fulltrúi annars starfsfólks, Monika Jónsdóttir fulltrúi kennara, Hlynur Vald. Kristbjargarson og Málfríður Sólnes Friðriksdóttir fulltrúar nemenda, Martin Swift fulltrúi grenndarsamfélagsins, Björg Melsted ritari.

- Kynning á starfi vetrarins

- **1. bekkur**

Stór árgangur kom inn í ágúst, 90 nemendur. Blöndun nemenda og röðun í umsjónarbekki gekk ágætlega en aðeins flóknara fyrirkomulag en á síðasta skólaári sökum fjölda. Mikilvægt að skoða vel ólíkar leiðir eftir fjölda nemenda í framtíðinni.

- **Leiðsagnarnám**

Endurinnleiðing á leiðsagnarnámi verður áhersla í starfs- og skólaþróun á þessu skólaári. Umræða um inntak og hugmyndafræði leiðsagnarnáms sem byggir á gagnreyndum aðferðum í námi og kennslu. “Búið er að setja saman víðtæka reynslu kennara og niðurstöður rannsókna til áratuga í heildræna nálgun; námsmenningu sem leiðir til framúrskarandi náms og kennslu til framfara nemenda”

(Leiðsagnarnám, Hvers vegna, hvernig, hvað? e. Nönnu Kristínu Christiansen. 2021). Rætt um að hafa kynningu á leiðsagnarnámi fyrir foreldra og/eða setja inn kynningarefni á væntanlega heimasíðu.

- Martin nefnir að kynning á hæfniviðmiðum á skólasetningardegi hafi verið of viðamikil og mögulega væri betra að hafa þess háttar kynningu á sér fundi. Rætt um að gott væri að bjóða upp á aðstoð fyrir foreldra í Mentor. Patricia, Hlynur og Málfríður nefna að Mentor sé flókinn og margt fari fram hjá þeim, t.d. heimanám. Gott að kennarar kynni Mentor, vefinn og smáforrit, vel fyrir foreldrum á hópfundum að hausti.

- **Lestrarvinir**

Lestrarvinir er verkefni að undirlagi áhugasamra einstaklinga sem hafa áhuga á styðja við læsi hjá ungmendum. Hópur eldri borgara koma í heimsókn, á skólatíma, einu sinni í viku og hlusta á nemendur lesa og ræða um bókalestur á skólasafninu. Verkefnið, sem er mótun, fer vel af stað og áhugavert er að fylgjast með hvernig það muni þróast í framtíðinni.

- Mónica nefnir að gott væri að fá fleiri nýjar bækur á bókasafnið ef fjölskyldur í hverfinu eru að losa sig við góðan bókakost. Harpa nefnir að skólasafninu berist reglulega þess háttar sendingar og oft er hægt að nota hluta af þeim bókum. Fjármagn skólans til bókakaupa hefur haldist óbreytt síðustu skólaár, þrátt fyrir niðurskurð á sérstökum bókastyrkjum frá borginni.

- **NordPlus verkefni**
Ekki vannst tími til að kynna það verkefni. Verkefnið verður kynnt á næsta skólaráðsfundi.
- **Fríar skólamáltíðir**
Ekki mikil breyting fyrir Melaskóla og svipaður fjöldi nemenda borðar hádegismat í Melaskóla og fyrra ár. Foreldrar þurfa eftir sem áður að skrá börn í mataráskrift og mikilvægt að skráningin sé rétt. Hlynur og Málfríður eru sammála því að ekkert hafi breyst og Hlynur vissi ekki af þessari breytingu.
- **Starfsáætlun skólaársins**
Spurning frá Martin um Réttindaskólann, sem er dýrt verkefni og hvers vegna Melaskóli leggi áherslu á það verkefni frekar en önnur, t.d. Grænfánann. Harpa svarar því að það sé mikilvægt að skoða reglulega áherslur skólans og mögulega sé komið að því að endurskoða Réttindaskólaverkefnið.
- **Fundaráætlun vetrarins**
 - Næsti fundur verður haldinn 4. desember kl. 8:30
 - Fundaráætlun vetrarins bíður til næsta fundar.
- **Önnur mál**
 - Martin hefði viljað fá reiðhjólaskýli og þykir miður að Reykjavíkurborg hafi ekki tekið við þeirri hugmynd og sett hana inn í “Hverfið mitt”. Harpa skoðar hvort Melaskóli geti þrýst á að fá hjólaskýli við skólann.
 - Umræða um aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda í hverfinu og við skólann.
 - Umræður um framkvæmdir á skólahúsnæði. Harpa nefnir að mikilvægt sé að flýta sér ekki um of og vanda vel næstu skref en á sama tíma nauðsynlegt að vita hvert planið er. Harpa kallar eftir fundi með húsnæðisnefnd Reykjavíkurborgar og kannar stöðuna.
 - Melaskóli verður 80 ára eftir 2 ár, gott að huga tímanlega að því hvernig við viljum halda upp á þessi tímamót og hugsanleg aðkoma foreldrafélagsins.
 - Spurning um sparinessi frá nemendum. Umræða um sparinessi og hvort það ætti að vera í skólanum. Harpa útskýrir hvers vegna mikilvægt er að samræma reglur um sparinessi.